



30/03/2026

Matslisti - Fagbréf

Myndataka

Tilgangur listans er að meta þekkingu og færni út frá viðmiðum í starfinu.

Listinn er sjálfsmatslisti og notaður til stuðnings í matssamtali.

Nafn	
Kennitala	
Starf	

Kjarni starfs

Tilgangur starfsins er myndataka fyrir sjónvarp og aðra miðla. Greining á hvaða búnaðar er þörf fyrir hvert verkefni og hverjar vinnuaðstæður eru. Tökur fara fram inni sem og úti. Ítarleg þekking á verkferlinu svo efnið skili sér í réttum gæðum og öryggi við tökur sé eins mikið og mögulegt er.

Starfið felur í sér verkefni sem ýmist er sinnt sjálfstætt eða í samstarfi við tækni- og dagskrárgerðarfólk á tökustað og í undirbúningi fyrir tökur. Unnið er með framleiðslu til að ákvarða hvað skal mynda og myndlegum úrlausnum með samstarfsfólki.

Starfið krefst þekkingar á myndvinnslu, lýsingu og hljóðupptöku auk þekkingar á tækjabúnaði, tækni því tengdu og þróun þess. Velur og stjórnar tækjum sem þarf til að besta mögulega mynd náist. Vinnan getur falið í sér gagnaöflun sem nýtist til að skýra/skreyta frásögn eða atburði og safna heimildum til varðveislu. Starfið krefst viðbragðsflýttis og lausnamiðaðra vinnubragða til að grípa augnablikið í mynd. Vinnuaðstæður geta verið krefjandi með tilliti til veðurs og umhverfispátta.

Annað:

Starfið krefst á köflum góðs líkamlegs atgervis því búnaður getur verið þungur.

Þekking á reglugerð nr. 1360/2024 um starfrækslu ómannaðra lofffara og ómönnuð loftfarskerfi (drónaflug) þegar við á.

Viðfangsefni starfsins

<p>Undirbúningur verkefnis/forvinna</p> <ul style="list-style-type: none"> • Yfirferð verkefnis með samstarfsfólki • Skoða dagskrá • Hugmyndavinna • Áætla magn myndefnis • Tökuplan • Kynna sér vettvang • Mat á áhættu í verkefni • Æfingar með eða án myndatöku 	<p>Tæknilegur undirbúningur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Yfirferð og samantekt á tækjum og tólum í samræmi við verkefni • Koma tæknibúnaði á tókustað • Setja upp tækjabúnað • Tæknirennslí • Áætla gagnapörf verkefnis (batteri) • 	<p>Upptökur (verkefnið)</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fréttir • Þáttagerð • Leikið efni • Útsendingabíll • Íþróttir • Viðfangsefni líðandi stundar • Tökur með flygildi (dróna) • Í myndveri • Á vettvangi (inni eða úti) • Stýra einni myndavél • Myndataka með mörgum vélum • Stilla skerpu og ramma inn myndina • Taka upp/ mynda/ senda út • Stilla upp ljósum • Vinna með stjórnendum: framleiðendur, þáttastjórnendur og/eða leikstjórar • Vinna með samstarfsfólki s.s. fréttastjóra, fréttamanni og tæknifólki
<p>Gæðaeftirlit</p> <ul style="list-style-type: none"> • Regluleg yfirferð á tækjum og efni á meðan upptöku stendur: Yfirfara mynd, lýsingu og hljóð • Vakandi fyrir tækninýjungum og þróun • Tilkynna bilanir á tækjum • Eftirfylgd með gæðum efnis með tilliti til litgreiningar 	<p>Frágangur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ganga frá tækjum • Skila myndefni • Kanna stöðu tækja • Hlaða batterí • Þrif 	

Starfið er á þrepi 3, samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun, þó einstaka hæfnipættir séu á öðrum þrepum.

Leiðbeiningar fyrir þátttakanda:

Nú er komið að sjálfsmati út frá hæfnikröfum starfsins. Gott er að horfa til fyrri reynslu, færni úr námi, starfi og einkalífi.

Að loknu sjálfsmati fer matsaðili yfir sjálfsmatslistann og síðan fer fram samtal þar sem mat á færni á sér stað.

Niðurstöður samtalsins geta verið að:

1. Öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð og færnin er staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.
2. Ekki öllum hæfniviðmiðum starfsins náð og fer þá fram starfsþjálfun til að uppfylla þau. Að því loknu er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.



Matsviðmið

<p>Notaðu lýsingarnar hér að neðan til að meta þekkingu þína og færni í hverjum og einum hæfnipætti. Leitaðu til fagaðila ef eitthvað er óskýrt.</p>
<p>1 - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.</p>
<p>2 - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni.</p>
<p>3 - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.</p>
<p>4 - Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu.</p>

Matslisti – starf					Útfyllist af matsaðila	
Undirbúningur verkefnis / forvinna	Lítil 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– greiningu og áætlun verkefnis/myndatöku út frá handriti og verkefnalýsingu						
– að tökuáætlun getur breyst						
– tímastjórnun og skipulagningu við undirbúning verkefna						
– áhrifum aðstæðna á tökustað á framkvæmd og framvindu verkefnis						
Ég get:						
– unnið eftir handriti og verkefnalýsingu og útbúið töku- og skotlista						
– gert raunhæft tökuþplan og áætlað þarfir fyrir myndefni						
– forgangsráðað skotum með hliðsjón af mikilvægi, tímaáætlun og aðstæðum						
– skipulagt og forgangsráðað verkefnum dagsins						
– unnið í samráði við framleiðslu og stjórnanda við undirbúning						
– kynnt mér aðstæður á vettvangi						
– greint tæknilegar og verklegar þarfir verkefnis						
– tekið þátt í æfingum fyrir verkefni með og án myndatöku						
– átt í faglegum samskiptum við samstarfsfólk við skipulagningu tökuverkefna.						

Matslisti – starf					Útfyllist af matsaðila	
Tæknilegur undirbúningur	Lítil 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– notkunarmöguleikum og eiginleikum tækja og búnaðar við myndatöku						
– tímastjórnun og hagkvæmni við val og notkun búnaðar						
– hvernig val búnaðar, við myndatöku, tengist búnaði hjá öðrum deildum og hefur áhrif á undirbúning og framkvæmd verksins.						
Ég get:						
– metið þörf og valið búnað og tæki út frá verkefnalýsingu og tækniröfum						
– borið saman tæki og búnað						
– skipulagt tækjakost í samræmi við kostnaðaráætlun						
– yfirfarið, prófað og tryggt að búnaður sé í lagi fyrir tükur						
– sett upp og stillt tækjabúnað á tókustað						
– valið og vistað réttar stillingar í valmyndum tækja						
– framkvæmt tæknirennisli						
– áætlað gagna- og rafmagnspörf verkefnis						

Matslisti – starf					Útfyllist af matsaðila	
Upptökur (framkvæmd verkefnis)	Lítil 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– að vinnuaðstæður geta verið krefjandi						
– kurteisi og umburðarlyndi í samskiptum						
– líkamlegu atgervi sem starfið krefst						
– myndvinnslu, lýsingu og hljóðupptöku og tengingu við myndefnið						
– að áætlanir geta breyst án fyrirvara						
– jafnvægi milli tímamarka verkefna og umfangi myndefnis sem þarf að afla						
– áskorunum sem fylgja tükum á viðkvæmum eða krefjandi viðfangsefnum						
– þörfum annara deilda á tókustað						

Ég get:						
– unnið við fjölbreytt verkefni						
– unnið við beinar útsendingar						
– annast myndatöku í myndveri						
– annast myndatöku á vettvangi						
– unnið eftir handriti eða annarri forskrift						
– stýrt myndavél, stillt skerpu og rammað inn mynd						
– unnið við myndatöku með mörgum vélum						
– unnið í samræmi við listrænar og tæknilegar kröfur						
– metið og brugðist hratt og faglega við breyttum aðstæðum						
– sýnt frumkvæði við að afla viðbótarefnis þegar þörf krefur						
– metið hvenær nægjanlegt magn myndefnis hefur verið tekið						
– unnið með framleiðendum, leikstjórum, þáttastjórnendum og öðrum deildum						

Matslisti – starf					Útfyllist af matsaðila	
Gæðavitund/eftirlit og fagleg þróun	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– gæðaeftirliti við tükur						
– áhrifum aðstæðna, ljósmagns og hljóðmengunar á gæði upptöku						
– hvernig stuðla megi að faglegri þróun						
Ég get:						
– aðlagað búnað að breytilegum aðstæðum á meðan á tökum stendur						
– tilkynnt bilanir og brugðist við á viðeigandi hátt						
– unnið í samstarfi við aðrar deildir við að tryggja gæði verkefnis						
– nýtt reynslu fyrri verkefna til að bæta framkvæmd og áætlanagerð						
– viðhaldið gæðum við tükur þegar aðstæður breytast						
– lært á og nýtt nýja tækni og fylgst með þróun í faginu						

Matslisti – starf					Útfyllist af matsaðila	
Öryggi og frágangur	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Parfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– áhættumati og öryggi á tökustað						
– hvernig notkun búnaður og vinnubrögð geta haft áhrif á öryggi						
– ábyrgð á frágangi og varðveislu myndefnis og búnaðar						
Ég get:						
– forgangsraðað öryggi umfram búnað og efnisleg verðmæti						
– greint hættur í umhverfi og brugðist við með viðeigandi hætti						
– gengið frá tækjabúnaði á öruggan og faglegan hátt						
– sinnt reglubundinni yfirferð og þrifum tækja og búnaðar						
– skilað myndefni og verkefnaskýrslu í samræmi við verkferla						
– sinnt eftirfylgd með myndefni						

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni, að skráðar upplýsingar séu réttar. Ef til vill getur þú fengið einhvern sem þekkir störf þín til að lesa yfir matslistann og veita endurgjöf á mat þitt.

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift þátttakanda: